

## REGLUGERÐ

### um sundurliðun gjaldstofns til búnaðargjalds.

1. gr.

Á framtali til búnaðargjalds skal eftirfarandi tafla gilda um sundurliðun jaldstofnsins:

Nautgripaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra og beingreiðslur)	+
Sauðfjár- og geitaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra og beingreiðslur)	+
Hrossaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	+
Svínaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	+
Alifuglaafurðir, þó ekki egg (þ.m.t. sala líffugla)	+
Egg	+
Kartöflur	+
Gulrófur	+
Annað grænmeti og blóm	+
Grávara (þ.m.t. sala lífdýra)	+
Æðardúnn	+
Skógarafurðir	+
Heysala og annað	+
<b>Stofn til búnaðargjalds</b>	<b>=</b>

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 84/1997 um búnaðargjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. janúar 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Hjördís Halldórsdóttir.*

13. janúar 1999

Nr. 38

## REGLUGERÐ

### um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 1999.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 1999.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

3. gr.

Óheimilt er færeyskum skipum að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og norðan 65°00'N við Austurland og óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar á grynna vatni en 110 föðmum, en þó aldrei nær landi en 12 sjómílur frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.